

**Mættir:**

Valdís Brá Þorsteinsdóttir frá Vinnuvernd, Fríða Egilsdóttir, Arnfinnur Antonsson, Frímenn Ólafsson, Jón Björn Sigurgeirsson, Sigurbjörg Erlingsdóttir, Halldóra Halldórsdóttir, Snorri Kristinsson, Lóa Björg Björnsdóttir og þá sat Róbert Ragnarsson bæjarstjóri fundinn.

Róbert Ragnarsson fór yfir aðdraganda að stofnun Vinnuverndarnefndar og þakkaði nefndarfólki fyrir að gefa kost á sér í þessi trúnaðarstörf. Fundargerðir nefndarinnar verða settar í OneSystem, sendar í tölvupósti til starfsmanna og sendar fyrir bæjarráð.

Valdís Brá stýrði fyrsta fundi.

1. Kynning á vinnuverndarfulltrúum og ráðgjafa.

Nefndarmenn kynntu sig og sinn bakgrunn í vinnuvernd.

2. Kosning formanns og ritara til eins árs í senn.

Þorsteinn Gunnarsson kosinn formaður nefndarinnar.

Frímenn Ólafsson kosinn ritari nefndarinnar.

3. Tilkynning til VER og viðkomandi stéttafélags á vinnuverndarfulltrúum.

Formaður tekur að sér að senda tilkynningu til VER.

Láta stéttarfélags viðkomandi vinnuverndarfulltrúa vita.

4. Áhættumat starfa – Hvað er búið og hvað er eftir?

Samþykkt að fara í áhættumat fyrir allar stofnanir bæjarins. Vinnuverndarfulltrúar munu sjá um áhættumatið hver fyrir sína stofnun og leita til formanns nefndarinnar og Valdísar Brá um aðstoð ef á þarf að halda. Stefnt að því að ljúka áhættumati í öllum stofnunum fyrir næsta fund nefndarinnar.

5. Önnur mál

Samþykkt að hengja upp í öllum stofnunum upplýsingar um Vinnuverndarnefndina. Jafnframt að stofna undirsíðu á heimasíðu bæjarins fyrir nefndina með almennum upplýsingum, fundargerðum og sérstökum hnapp til að senda inn ábendingar til nefndarinnar. Netfangið er vinnuvernd@grindavik.is

Fundi slitið kl. 15:55.